

REGLUGERÐ

um fólksflutninga með hópferðabifreiðum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um fólksflutninga með hópferðabifreiðum á milli landa innan Evrópska efnahagssvæðis. Hún tekur til flutningafyrirtækja sem hafa aðsetur hér á landi og stunda fyrrgreinda flutninga gegn gjaldi eða í eigin þágu með hópferðabifreiðum sem skráðar eru hér á landi og flytja fleiri en níu menn að öikumanni meðtöldum.

Reglugerðin tekur jafnframt til fólksflutninga flutningafyrirtækja á vegum innanlands í aðildarríki sem þau hafa ekki aðsetur í (gestaflutningar).

II. KAFLI

Leyfisskyldir farþegaflutningar milli landa.

2. gr.

Leyfi.

Leyfi þarf til reglubundinna flutninga, sérstakra reglubundinna flutninga sbr. þó 2. mgr. 4. gr., ferða fram og til baka án gistingar og óreglubundinna flutninga sem um getur í e-lið 8. gr. reglugerðar þessarar.

3. gr.

Reglubundnir flutningar.

Reglubundnir flutningar eru flutningar með farþega milli tiltekinna staða með tilteknu millibili eftir ákveðnum leiðum og farþegar teknir eða þeim skilað á fyrirfram ákveðnum viðkomustöðum. Afnot af reglubundnum flutningum eru öllum heimil, óháð því hvort nauðsynlegt geti verið að bóka far.

4. gr.

Sérstakir reglubundnir flutningar.

Sérstakir reglubundnir flutningar eru flutningar á tilteknum hópi farþega en aðrir farþegar útilokaðir, t.d. flutningar:

á starfsmönnum að og frá vinnustað;

á nemendum til og frá skóla;

á hermönnum og fjölskyldum þeirra frá upprunalandi þeirra til herbúðanna;

í landamæraborgum.

Ekki þarf leyfi til að stunda sérstaka reglubundna flutninga ef gerður er samningur um flutningana á milli skipuleggjandans og flutningafyrirtækisins.

5. gr.

Ferðir fram og til baka án gistingar.

Ferðir fram og til baka án gistingar eru ferðir með farþega í fyrirfram skipulögðum hópi sem allur er fluttur í endurteknum ferðum frá einu og sama brottfararsvæði til sama ákvörðunarsvæðis og síðan til baka aftur. Með brottfararsvæði og ákvörðunarsvæði er átt við staðinn þar sem ferð hefst og hins vegar þar sem hún endar svo og staði innan 50 km radíuss.

Utan brottfarar- og ákvörðunarsvæðanna er heimilt að taka hóp eða skila þeim á allt að þremur mismunandi stöðum.

Brottfarar- og ákvörðunarsvæði og viðkomustaðir þar sem farþegar eru teknir eða þeim skilað geta verið á yfirráðasvæði eins eða fleiri aðildarríkja.

6. gr.

Óreglubundnir flutningar.

Óreglubundnir flutningar eru flutningar sem falla hvorki undir skilgreiningar á reglubundnum flutningum né ferðum fram og til baka án gistingar. Flutningaþjónusta sem ekki fellur undir skilgreiningar í staflíðum a-d í 8. gr. er leyfisskyld.

III. KAFLI

Farþegaflutningar á milli landa sem eru háðir eftirlitsskjali.

7. gr.

Ferðir fram og til baka með gistingu.

Með ferðum fram og til baka með gistingu er auk flutninganna innifalin gisting á ákvörðunarstað með eða án máltíða, og eftir atvikum, meðan á ferðinni stendur fyrir minnst 80% farþeganna.

Fleiri en eitt flutningafyrirtæki geta verið í þjónustu fyrir sama verktaka og þurfa farþegarnir þá ekki að fara með sama flutningafyrirtækinu báðar leiðir.

Nöfn flutningafyrirtækja og skiptistaðir á leiðinni skulu tilkynnt til lögbærra yfirvalda viðkomandi aðildarríkja.

8. gr.

Óreglubundnir flutningar.

Óreglubundnir flutningar eru flutningar sem falla hvorki undir skilgreiningar á reglubundnum flutningum né ferðum fram og til baka án gistingar. Ekki þarf leyfi til óreglubundinna flutninga samkvæmt staflíðum a - d, en til þeirra teljast:

- a) hringferðir, þ.e. sama ökutæki flytur einn eða fleiri fyrirfram skipulagða hóp sbr. 9. gr. og skilar þeim til baka á brottfararstað;
- b) flutningaþjónusta sem starfrækt er fyrir farþega í fyrirfram skipulögðum hópi sem eru ekki fluttir til baka á brottfararstað í sömu ferð, ennfremur flutningaþjónusta með gistingu, sem getur náð til annarra þátta ferðaþjónustu;
- c) flutningaþjónusta sem skipulögð er vegna einstakra atburða, svo sem ferðir á semínör, ráðstefnur og menningar- eða íþróttaviðburði sem ekki falla undir skilgreiningar í a- og b-lið;
- d) flutningaþjónusta sem nefnd er í I. viðauka við þessa reglugerð;
- e) flutningaþjónusta sem fellur ekki undir skilgreiningar a-d liða, þ.e. öll önnur þjónusta.

9. gr.

Fyrirfram skipulagður hópur.

Fyrirfram skipulagður hópur skv. 5. og 8. gr. er hópur sem samtök eða einstaklingur bera ábyrgð á og hefur tekið að sér að ganga frá samningum fyrir eða sjá um sameiginlega greiðslu fyrir flutningana eða tekið við öllum bókunum og greiðslu fyrir brottför. Hópur samanstendur af annað hvort minnst 12 mönnum eða þeim fjölda manna sem þarf til að fylla að minnsta kosti 40% af sætum ökutækisins að ökumanni undanskildum.

10. gr.

Eftirlitsskjal.

Flutningar samkvæmt 7. og 8. gr. fara fram með hliðsjón af eftirlitsskjali. Eftirlitsskjalið samanstendur af akstursskrá og hefti með þýðingum af akstursskránni. Flutningafyrirtækjum sem stunda óreglubundna flutninga og ferðir fram og tilbaka skulu fylla út akstursskrár fyrir hverja ferð. Akstursskrárheftin eru útgefin af samgönguráðuneytinu og eru til afhendingar þeim aðilum sem ætla að stunda flutninga samkvæmt 7. og 8. gr. reglugerðar þessarar og uppfylla skilyrði 11. gr.

IV. KAFLI

Aðgangur að starfsgrein.

11. gr.

Réttur til að veita flutningaþjónustu.

Öllum flutningafyrirtækjum sem stunda flutninga skv. 1. gr. er heimilt að starfrækja þá flutningaþjónustu á EES-svæðinu sem skilgreind er í 3. - 6. gr. án mismununar á grundvelli ríkisfangs eða hvar þau hafa staðfestu ef þau:

- a) fá leyfi í staðfesturíkinu til að starfrækja reglubundna flutninga, ferðir fram og til baka eða óreglubundna flutninga með hópferðabifreiðum;
- b) uppfylla skilyrðin sem kveðið er á um í reglum um aðgang að starfsgrein við farþega-flutninga í innanlands- og millilandaflutningum, sbr. II. - IV. viðauka við reglugerð þessa;
- c) standast lagakröfur um öryggi á vegum.

12. gr.

Flutningar í eigin þágu.

Flutningar á vegum í eigin þágu er flutningastarfsemi sem felur í sér að fyrirtæki annast flutninga á starfsmönnum sínum eða að samtök, sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni, sjái um flutninga á meðlimum sínum í félagslegum tilgangi enda falli flutningarnir utan við starfsemi og tilgang fyrirtækisins eða samtakanna.

Ökutækin skulu vera í eigu fyrirtækisins eða samtakanna, keypt með afborgunum eða tekin á leigu með langtímasamningi og starfsmaður fyrirtækisins eða samtakanna aki þeim.

Flutningar í eigin þágu eru undanþegnir hvers konar kerfi leyfisveitinga en eru bundnir tilteknu kerfi vottorða. Hins vegar eru flutningar á vegum í eigin þágu sem ekki falla undir 1. mgr. leyfisbundnir samkvæmt reglugerð þessari. Samgönguráðuneytið gefur út vottorð til flutninga í eigin þágu með hópþingreiðum á milli aðildarríkja EES.

V. KAFLI
Um leyfi o.fl.

13. gr.

Leyfisveitingar.

Sækja skal um leyfi til flutninga samkvæmt II. kafla reglugerðar þessarar til lögbærra yfirvalda í aðildarríki EES þar sem brottfararstaðurinn er. Í reglubundnum flutningum merkir brottfararstaðurinn einhverja endastöðina.

Umsóknir skulu vera í samræmi við fyrirmynd sem lögbært yfirvald afhendir. Umsækjendur um leyfi skulu leggja fram allar upplýsingar sem þeir telja máli skipta eða sem yfirvald æskir.

Leyfi eru gefin út eftir samræmdri fyrirmynd og veitir handhafa eða handhöfum rétt til að stunda reglubundna flutninga og ferðir fram og til baka án gistingar á yfirráðasvæðum allra aðildarríkja sem leiðir liggja um. Í leyfi skal eftirfarandi koma fram:

- a) tegund flutninga;
- b) flutningaleið, þar sem brottfarar- og ákvörðunarstaður er sérstaklega tekinn fram;
- c) gildistími leyfis;
- d) þegar um reglubundna flutninga er að ræða, viðkomustaðir og tímaáætlun.

14. gr.

Nýting leyfis.

Leyfi er gefið út á nafn flutningafyrirtækisins. Óheimilt er að framselja leyfið til þriðja aðila. Þó getur flutningafyrirtæki, með samþykki þess yfirvalds sem leyfið veitti, fengið undirverktaka til að sjá um þjónustuna. Ef svo ber undir skal nafn hins síðarnefnda og hlutverk hans sem undirverktaka koma fram í leyfinu. Undirverktakinn verður að uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 11. gr.

Ef í hlut eiga fyrirtæki sem hafa bundist samtökum um að stunda reglubundna flutninga eða ferðir fram og til baka án gistingar skal leyfið gefið út á nöfn allra fyrirtækjanna. Það skal afhent fyrirtækinu sem stjórnar starfseminni og hin fyrirtækin fá afrit. Nöfn allra rekstraraðila skulu standa í leyfinu.

15. gr.

Gildistími leyfis.

Gildistími leyfis er allt að fimm ár fyrir reglubundna flutninga en tvö ár fyrir ferðir fram og tilbaka án gistingar. Gildistími má vera skemmri, annað hvort að ósk umsækjanda eða með sameiginlegu samþykki þar til bærri yfirvalda á yfirráðasvæði aðildarríkjanna þar sem farþegar eru teknir eða þeim skilað.

Leyfi til reglubundinna flutninga fellur niður í lok gildistímans eða þremur mánuðum eftir að yfirvald sem veitir leyfið fær tilkynningu frá leyfishafa um að hann hyggist fella niður flutningaþjónustuna. Í tilkynningunni skulu ástæður þessa koma fram.

Ef þörfin fyrir flutninga er ekki lengur fyrir hendi styttist fresturinn samkvæmt 1. mgr. í einn mánuð.

Leyfi fyrir ferðum fram og til baka án gistingar fellur niður þann dag sem leyfishafi tilgreinir í tilkynningu sinni til viðkomandi yfirvalds.

Leyfishafi skal með mánaðarfyrirvara og fullnægjandi auglýsingum tilkynna notendum viðkomandi flutningaþjónustu að hún falli niður.

16. gr.

Skyldur flutningafyrirtækja.

Flutningafyrirtæki í reglubundnum flutningum er skuldbundið til að tryggja, nema óviðráðanleg atvik komi til, flutningaþjónustu sem fullnægir settum reglum um órofna þjónustu, reglubundnar ferðir og nægilegt framboð.

Ennfremur skal flutningafyrirtækið sýna leiðir, viðkomustaði, tímaáætlun, fargjöld og flutningsskilmála að svo miklu leyti sem ekki er bundið í lögum og á þann hátt að tryggt sé að slíkar upplýsingar séu aðgengilegar öllum notendum.

17. gr.

Eftirlit á vegum og í fyrirtækjum.

Leyfin eða eftirlitsskjölin skulu geymd í ökutækinu og ber að framvísa því ef viðurkenndur eftirlitsmaður fer fram á það.

Flutningafyrirtæki sem hafa hópferðabifreiðar í flutningum milli landa skulu heimila hvers konar eftirlitsskoðanir til þess að tryggja að reksturinn fari fram eins og vera ber, einkum að því er varðar akstur og hvíldartíma ökumanna. Eftirlitsmenn hafa umboð til að:

- a) kanna bókhald og önnur skjöl er varða rekstur flutningafyrirtækisins;
- b) taka afrit af eða útdrætti úr bókhaldi og öðrum skjölum á staðnum;
- c) fá aðgang að öllu húsnæði, landsvæði og ökutækjum flutningafyrirtækisins;
- d) krefjast upplýsinga um alla þætti bókhalds, skjala og gagnagrunna.

18. gr.

Farseðlar.

Farþegar sem nota reglubundna þjónustu eða ferðir fram og til baka, að undanskildum sérstökum reglubundnum flutningum, skulu hafa farseðil undir höndum alla ferðina, annað hvort farseðil fyrir hvern einstakan eða hóp farseðil þar sem koma fram eftirfarandi upplýsingar um:

- a) brottfarar- og ákvörðunarstað og ef við á, ferðina til baka;
- b) gildistíma farseðils;
- c) verð ferðarinnar og, ef farþegar hafa greitt fyrir gistingu, heildarverð ferðarinnar að gistingu meðtalinni og upplýsingar um gististað.

VI. KAFLI

Gestaflutningar.

19. gr.

Réttur til að veita flutningaþjónustu.

Flutningafyrirtækjum sem hafa aðsetur hér á landi og hafa leyfi til að stunda fólksflutninga á vegum á milli landa skv. II. kafla reglugerðar þessarar er heimilt með þeim skilyrðum sem reglugerð þessi mælir fyrir um að stunda tímabundið gestaflutninga með farþega gegn gjaldi í öðru aðildarríki (gistiríki) án þess að þurfa að hafa skráða skrifstofu eða aðra stofnun í því ríki.

20. gr.

Heimild til gestaflutninga er bundin við hópferðir, en með hópferðum er átt við þjónustu þar sem sama ökutæki er notað til að flytja sama hóp farþega alla ferðina.

Gestaflutningar í formi sérstakra reglubundinna flutninga, þ.e. flutninga á starfsmönnum til og frá vinnustað og nemendum til og frá skóla eru heimildir flutningafyrirtækjum með skráða skrifstofu eða annars konar skrifstofu á landamærasvæði aðliggjandi ríkis, svo

framarlega sem brottfarar- og ákvörðunarstaðirnir eru á landamærasvæði gistiríkisins og heildarvegalengdin í beinni sjónlínu í hvora átt er ekki lengri en 50 km.

Eftir 1. janúar 1996 eru allir óreglubundnir flutningar heimilir, en til óreglubundinna flutninga teljast aðrir flutningar en þeir sem hvorki falla undir skilgreininguna á reglubundnum flutningum né ferðum fram og til baka.

21. gr.

Framkvæmd gestaflutninga.

Við framkvæmd gestaflutninga skal farið að lögum og stjórnsýslufyrirmælum gistiríkisins, nema reglur EES kveði á um annað:

- a) fargjöld og skilmála sem gilda í flutningasamningum;
- b) þyngd og mál ökutækja; þyngd og mál má fara yfir þau mörk sem gilda í aðildarríkinu þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu en má aldrei fara yfir mörkin sem sett eru í samræmisvottorðinu;
- c) kröfur er varða flutninga á sérstökum hópum farþega, þ.e. skólabörnum, börnum og fólki með skerta hreyfigetu;
- d) akstur- og hvíldartíma; sbr. reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins nr. 136/1995;
- e) virðisaukaskatt á flutningastarfsemi.

Tæknistaðlar um gerð og búnað ökutækja sem notuð eru í gestaflutningum skulu vera hinir sömu og tæknistaðlar fyrir ökutæki í millilandaflutningum.

22. gr.

Leyfi til gestaflutninga.

Samgönguráðuneytið gefur út leyfi til gestaflutninga til flutningafyrirtækja sem um það sækja og uppfylla skilyrði þessarar reglugerðar og viðauka með henni.

Samgönguráðuneytið getur afturkallað leyfi skv. 1. mgr., tímabundið eða endanlega, ef um alvarleg eða endurtekin brot er að ræða.

Leyfi til gestaflutninga eða staðfest afrit af því skal vera í ökutækinu og ber að framvísa því er viðurkenndur eftirlitsmaður krefst þess.

23. gr.

Eftirlitsskjal.

Gestaflutningar skulu starfræktir með hliðsjón af eftirlitsskjali sem skal geymt í ökutækinu og ber að framvísa því er viðurkenndur eftirlitsmaður krefst þess. Eftirlitsskjalið samanstendur af akstursskrá og þýðingum á henni. Akstursskrárnar fást afhentar í heftum sem vottuð eru af samgönguráðuneytinu. Útfylltar akstursskrár skulu afhentar samgönguráðuneytinu á þriggja mánaða fresti frá afhendingu.

Í flutningum samkvæmt 2. mgr. 20. gr. gildir samningurinn milli þess sem skipuleggur flutningana og flutningafyrirtækisins, eða staðfest afrit af honum, sem eftirlitsskjal. Þó ber að sýna akstursskrána þannig að hún sýni mánaðarlegt yfirlit.

VII. KAFLI
Almenn ákvæði.

24. gr.
Leyfisgjöld.

Gjald fyrir útgáfu leyfa samkvæmt reglugerð þessari er kr. 5.000 og tekur breytingum samkvæmt 18. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991 með síðari breytingum.

25. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum nr. 53/1987 með síðari breytingum og lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991 með síðari breytingum, staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 8. maí 1995.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

VIÐAUKI I

Flutningar sem um getur í d-lið 8. gr.

- i) hópferðir, þ.e. sama ökutæki flytur hóp sömu farþega alla ferðina og skilar honum aftur á brottfararstað;
- ii) ferðir með farþega frá brottfararstað til ákvörðunarstaðar en án farþega til baka á brottfararstað ökutækisins.
- iii) ferðir án farþega frá einu aðildarríki til yfirráðasvæðis annars þar sem farþegar eru teknir, ef farþegarnir:
 - mynda hóp samkvæmt flutningssamningum sem gerðir eru áður en þeir koma inn í landið þar sem þeir eru teknir, eða
 - hafa áður verið fluttir af sama flutningafyrirtæki, samkvæmt skilyrðum liðar (ii), til landsins þar sem þeir eru teknir og fluttir úr landi aftur, eða
 - eru boðnir til annars aðildarríkis og flutningskostnaður er greiddur af þeim sem býður. Slíkir farþegar eiga að vera einsleitir hópur sem ekki var myndaður einungis með viðkomandi ferð í huga.

Viðauki II.

Óflekkað mannorð.

Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem er sekur eftir dómi um verk sem er svívirðilegt að almenningssáliti, nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar. Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér, nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri er hann framdi brotið og refsing sé 4 mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla dæmd.

Viðauki III.

Fullnægjandi fjárhagsstaða.

- a. Fullnægjandi fjárhagsstaða felur í sér að hafa aðgang að nægilegu fjármagni til að koma fótum undir fyrirtækið og örugga stjórnun þess.
- b. Til þess að meta fjárhagsstöðu skal samgönguráðuneytið taka mið af:
 - ársreikningum fyrirtækisins eða skattframtali;
 - tiltækum sjóðum, þar með talið bankainnstæðu;
 - láns- og yfirdráttarheimildum;
 - öllum eignum, þar með talið eignum sem hægt er að veðsetja fyrir fyrirtækið;
 - kostnaði, þar með talið kostnaði vegna kaups eða fyrstu greiðslu af ökutæki og húsnæði eða öðrum búnaði ásamt hreinu veltufé.
- c. Fyrirtækið verður að hafa eigið fé og sjóði umfram skuldir sem eru að minnsta kosti kr. 500.000 á hvert ökutæki.
- d. Með a, b- og c- lið í huga er samgönguráðuneyti heimilt að taka gilda staðfestingu löggilts endurskoðanda, banka eða annarrar viðurkenndrar stofnunar til sönnunar á fjárhagsstöðu. Heimilt er að veita slíka staðfestingu í formi bankaábyrgðar eða annarrar samsvarandi tryggingar.

Viðauki IV.

Starfshæfni.**1. Löggjöf:**

Undirstöðuatriði einkamálaréttar og löggjafar á sviði verslunar, félagsmála og skattamála með sérstakri áherslu á:

- * almenna samninga
- * flutningssamninga, með sérstakri skírskotun til ábyrgðar flutningsaðila (eðli og mörk)
- * verslunarfélög
- * höfuðbækur
- * reglugerðir um vinnu og félagslegt öryggi
- * skattakerfi

2. Viðskipta- og fjárhagsstjórnun fyrirtækis:

- * greiðsluaðferðir og fjármögnun
- * kostnaðaráætlun
- * verðlagning og flutningsskilmálar
- * viðskiptareikningar
- * tryggingar
- * vörureikningar
- * flutningsumboð
- * stjórnunaraðferðir við fyrirtæki sem sérhæfir sig í flutningum á vegum
- * markaðssetning

3. Aðgangur að markaði:

- * ákvæði um aðgang og iðkun starfsgreinarinnar.
- * flutningsskjöl.

4. Tæknileg þekking og tæknilegar hliðar flutnings:

- * þyngd og mál ökutækis
- * val ökutækis
- * gerðarviðurkenning og skráning
- * meginreglur um viðhald ökutækis
- * flutningur á hættulegum vörum
- * flutningur á matvælum
- * gildandi meginreglur um umhverfisvernd er varða notkun og viðhald ökutækja
- * hleðsla og afhleðsla ökutækis

5. Öryggi á vegum:

- * lög og stjórnsýslufyrirmæli er varða umferð
- * umferðaröryggi
- * forvarnir gegn slysum og viðbrögð við slysum

Auk töluliða 1-5 þurfa flutningsaðilar sem ætla sér að starfa að millilandaflutningum að kunna skil á:

- * ákvæðum um farþegaflutninga á landi milli aðildarríkja og milli bandalagsins og landa utan bandalagsríkja sem tilkomin eru vegna innlendra laga, staðla bandalagsins, alþjóðasamninga og alþjóðasamþykktar
- * venjur og formsatriði þegar farið er yfir landamæri
- * helstu umferðarreglugerðir í aðildarríkjunum

AUGLÝSING

um friðlýsingu æðarvarps og sellátra í Barðastrandarsýslu.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, samanber reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum, er hér með ákveðin friðlýsing alls æðarvarps innan marka Barðastrandarsýslu, umdæmis sýslumannsins á Patreksfirði.

Jafnframt er, samkvæmt 15. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, friðlýst sellögnum og sellátrum öllum í Barðastrandarsýslu.

Sýslumaðurinn á Patreksfirði, 5. maí 1995.

Þórólfur Halldórsson.